



Spáum óbreyttum stýrivöxtum í maí

Við spáum því að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands haldi meginvöxtum bankans óbreyttum í 0,75% við næstu vaxtaákvörðun þann 19. maí. Það stýttist þó í næstu vaxtahækkun.

Stýrivextir hafa nú verið óbreyttir í 0,75% síðan í nóvember á síðasta ári. Við teljum að óvissan sem snýr að því hvort vöxtum verði haldið óbreyttum eða þeir hækkaðir sé töluvert mikil að þessu sinni. Samfara vaxtaákvörðuninni koma út *Peningamál* með nýrri verðbólgu- og þjóðhagsspá. Sú spá sem þar birtist mun hafa mikil áhrif á vaxtaákvörðunina.

Verðbólga reynst töluvert meiri en spád hafði verið

Verðbólguþróunin það sem af er ári hefur reynst umtalsvert óhagstæðari en spád hafði verið og hefur verðbólga mælst yfir efri vikiðmörkum verðbólguþróunarmarkmiðsins allt þetta ár. Í febrúar spáði Seðlabankinn að verðbólga yrði 3,9% á fyrsta ársfjórðungi en raunin var hins vegar 4,2%.

Ein meginskýring aukinnar verðbólgu í apríl er óvænt hækkun á verðmælingu á húsnæðislið vísitölu neysliverðs. Ekki er þó einungis hægt að skella skuldinni á hækkunir á fasteignamarkaði þar sem verðbólga án húsnæðis hefur einnig reynst há, eða á bilinu 4,5-4,8% síðustu mánuði. Kjarnavísitala 3, sem mælir verðbólgu án ýmissa sveiflukenndra liða, var 5,3% núna í apríl og hefur verið á bilinu 5-5,5% á þessu ári.


Lækkun vaxta hefur vissulega skilað sér í meiri eftirspurn og verðhækkunum á húsnæði en á móti vegur að vaxtakostnaður heimila hefur einnig lækkað, sem hefur áhrif til lækkunar verðbólgu. Seðlabankastjóri hefur ítrekað talað opinberlega um að Seðlabankinn hafi yfir fleiri verkfærum að ráða en stýrivöxtum til að koma böndum á verðbólgu. Við teljum því líklegra að peningastefnunefndin muni freista þess að beita fyrst öðrum úrræðum og stýritækjum áður en til vaxtahækkana kemur. Óvissa um þróun heimsfaraldursins er enn töluvert og atvinnuleysi nálægt methæðum. Hækkun stýrivaxta nú hefur þá hættu í för með sér að hægja á efnahagsbatanum og því ótímabær ef

Síðustu vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar

	Lagt til	Með	Móti	Niðurst.	Meginv.
5. feb. 2020	-0,25	4	GZ (óbr)	-0,25	2,75
11. mar. 2020	-0,50	5		-0,50	2,25
18. mar. 2020	-0,50	5		-0,50	1,75
20. maí. 2020	-0,75	5		-0,75	1,00
26. ágú. 2020	óbr.	5		óbr.	1,00
7. okt. 2020	óbr.	5		óbr.	1,00
18. nóv. 2020	-0,25	5		-0,25	0,75
3. feb. 2021	óbr.	5		óbr.	0,75
14. mar. 2021	óbr.	5		óbr.	0,75
19. maí. 2021					
25. ágú. 2021					
6. okt. 2021					
17. nóv. 2021					

Heimild: Seðlabanki Íslands

Verðbólga með og án húsnæðis og kjarnavísitala 3



Heimild: Hagstofa Íslands



peningastefnunefndin ræður yfir öðrum aðferðum sem e.t.v. hafa meiri bein áhrif á þróun verðbólgunnar til skemmri tíma.


Seðlabankinn mun hækka verðbólguþáttinn

Við teljum að verðbólguþáttinn sem Seðlabankinn mun birta samfara ákvörðuninni muni liggja nokkuð ofar en spáin sem bankinn birti í febrúar og að verðbólguþáttinum verði náð seinna en áður var talið. Í febrúar taldi Seðlabankinn að verðbólguþáttinum yrði náð á fjórða ársfjórðungi þessa árs en við teljum að ný spá bankans muni sýna að þáttinum verði ekki náð fyrr en á næsta ári.

Líklegt að vextir verði hækkaðir í ágúst

Á allra næstu vikum og mánuðum ræðst hvenær böndum verður komið á útbreiðslu heimfaraldursins. Ef fer sem horfir er líklegt að ferðaþjónustan nái töluverðri viðspyrnu strax í sumar og efnahagsbatinn hefjist af krafti í kjölfarið. Við teljum því líklegt að nefndin bíði með hækkingu stýrivaxta fram í ágúst þegar vænta má að töluvert hafi dregið úr óvissu vegna faraldursins.

Verðbólga og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.